Framfarir í íþróttamálum.
1 renningur.
Merktur: Mangi á mölinni. 41.

# Framfarir.

Mikilli framfaraöld lifum við á: Allstaðar
blasa framfarirnar við. Þeir eru ekki svo
fáir meistararnir, kapparnir og sigurarnir,
sem við eigum: Við setjum heimsmet í
hverju sem er, nema í því að róa á móti
Dönskunni.

Á meistaramótinu hérna á sunnudaginn
(7. ág.) rann Magnús Guðbjörnsson fram úr
Stefáni og „rétti honum einn léttinn".
– Það mundi áður fyrri hafa ~~verið kallað~~ orðað þannig,
á svona samilegri íslensku: Hann gaf
honum á kjaftinn. – Er það ekki gleði-
legt tákn framfaranna að tarna? Sér
ekki hver og einn, hve Magnúsi hefir farið
fram í drengskap og allri dáð. Þetta
hefði hann ~~ekki~~ tæpast 1917 né getað sýnt
nema eftir margra ára iðkun í sviði
íþróttanna og í viðurvist „dómaranna"
og „yfirdómarans" – en m. a. o. Er enginn
hæstaréttardómari til í ólíkum nauð-
synja málum? Hvernig væri að fá Odd með
Laukinn?

Eða sundkappinn? „Hvað þýðir
okkur að tala um Grettir Ásmundarson?"
sagði landlæknir í ræðu sinni 5. ágúst.
Hve margir skyldu hafa fylgt honum?
Hve margir skyldu hafa fylgt honum
sundinu úr Drangey? Með hverju
svamdi hann sig? Í hve margföldum Maður-
sundi hann sig? Í hve margföldum Maður-
skyldi hann hafa synt þessar 7½
[illegible]
kastir? Og hve margir bátar, læknar,
medalíukassar skyldu hafa verið í för
með Gretti Ásmundarsyni og hvað þýðir
okkur að tala um hann? Því miður
sögum um hann, en
sést þetta ekki af sögunni um hann, en
framfarirnar liggja í því að þetta fáum
við nú að sjá og heyra um sund fór Erlings
Pálssonar og við lesum á ypprisnu íþrótta-
lífs forfeðra vorra sem tímans tákn. Þjóð
heilsum þér, Erlingur Grettismaki."
„Okkur þykir frá ber frækleikur þeirra,
góður drengur," ~~ekki síst á götunum~~
~~því þar er ekki~~ síðar Grettismaki.
Hefði Grettir haft Palla, Jónas og Ólaf,
til að synda í kringum sig fyrir 900
árum síðan, hefði hann „góður drengur"
ekki síðar nefnst okkur Grettismaki.
Eru þetta ekki framfarir?
Eða sjá öll skáldin, með skáldjöfur
inn okkar í broddi fylkingar.

Skáldjöfurinn, sem engin skilur.
Áður fyrri voru þeir heimulotjar [?] þúsi [?]
og „skáldin af Guðs náð“, að reyna að bagla
saman bögum, en þær skildu allir.
Framfarir! Að enginn skilur neitt,
því hvað væri annars í það varið.

„Mesti vísindamaður Norðurlanda“
segir í Eyndirgietanum [?], mundi ekki
skilja skáldjöfurinn og er hann þó „mesti
vísindamaður Norðurlanda“ nokkuð
„hátt uppi“ að mönnum þykir: Alla
leið upp í stjörnunum: Framfarir,
framfarir, framfarir! því enginn hefir
sett heimsmet í því meistaraflugi
annar en hann. „Og svarið verðið þið
að muna nær sem þið talið við aðrar
þjóðir“... og það er þetta: Við erum
öllum meiri, á mununum líka, en
eigum bara eftir eitt: að róa á móti
Danskinum, þessum forfeðrum Norður
landavíkingum, Söguþjóðinni, sem engan
Gretti og engan Erling hafa átt né getað
eignast, en róa þó eins og mýs á
mykjuskán.

Og ég fer að setja bátinn minn — og
held að einhver hafi kallað það að brýna
förum í flóra og fauna [?] fótum sínar [?]
og farið. Það geri ég!

Mangi á Mölinni.
(eða Magnús Geirsson s. st.)